

Fjárvíðingarstefna

1. Inngangur

Tilgangur fjárvíðingarstefnu Landsvirkjunar er að leggja grunn að því hvernig fjárvíðingu fyrirtækisins er hártað og hvernig fjárhagslegri áhættu er stýrt.

Fjárvíðingarstefnan myndar ramma utan um fjárvíðingu fyrirtækisins en nákvæmt verklag, þar sem það á við, er frekar útfært í stjórnunarkerfi fyrirtækisins.

Fjárvíðingarstefna Landsvirkjunar er sett af stjórn fyrirtækisins að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Fjárvíðingarstefna Landsvirkjunar á við um móðurfélagið Landsvirkjun og nær til allra dótturfélaga sem eru í 100% eigu fyrirtækisins.

3. Hugtakaskilgreiningar

Fjárfestingarflokkur: Baa3 eða hærra hjá Moody's og BBB- eða hærri hjá S&P Global og Fitch.

Fjárhagsleg áhætta: Áhætta að staða sem myndast vegna fjármálagjörninga hafi áhrif á sjóðstreymi og hagnað.

Fjárhagslegar kvaðir: Kröfur í láanasamningum (e. financial covenants). Dæmi um fjárhagslegar kvaðir eru lágmarks vaxtaþekja, eiginfjárlutfall og skuldsetningarhlutfall.

Sjálfbærnitengdir
fjármálagerningar: Fjármálagerningar tengdir mælikvörðum á sviði loftslags-, umhverfis- og/eða samfélagsmála

4. Stefna

Það er stefna Landsvirkjunar að lausafé og veltufé frá rekstri sé stýrt á ábyrgan máta, að fullnægjandi aðgengi að fjármögnun sé tryggt og að fjárhagslegri áhættu sé stýrt í þeim tilgangi að tryggja ábyrgan og árangursríkan rekstur.

5. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn á innleiðingu fjárvíðingarstefnu fyrirtækisins. Hann tryggir að ábyrgðarsvið þeirra sem koma að fjárvíðingu sé skýrt, skilvirkir ferlar séu til staðar og að eftirlit með fjárvíðingu sé fullnægjandi.

6. Mælikvarðar

Mælikvarðar sem notaðir eru til að meta árangur af innleiðingu fjárvíðingarstefnu eru:

- Lánshæfismat fyrirtækisins (markmið: að vera í fjárfestingarflokki)
- Fjárhagslegar kvaðir í láanasamningum (markmið: að kvaðir séu uppfylltar)
- Fjárhagsleg áhætta (markmið: að áhættu sé stýrt í takti við áhættustefnu Landsvirkjunar)
- Hlutfall sjálfbærnitengda fjármálagerninga (markmið: að öll ný fjármögnun sé sjálfbærnitengd, þar sem því verður við komið)

7. Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf um árangur og eftirlit með fjárvíringarstefnu á sér stað með reglubundnum stöðufundum með forstjóra þar sem farið er yfir mælikvarða, markmið og frávik.

8. Endurskoðun


Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

9. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

20. febrúar 2023

Stjórn Landsvirkjunar



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Kínar þú Guðmundsson", "Alfreður Þráinsson", "Guðrún Óskarsdóttir", "Óskarsdóttir", and "Jón Þórhilsson".